

Nr. 1226

15. desember 2008

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Kinna, Kaldakinn 14.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. nóvember 2008 breytingu á deiliskipulagi Kinna, Kaldakinn 14 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að hámarkshæð á mæni má vera 8,20 m og heimilt er að gera kvist í byggingarlínu samsíða götu sem nemur allt að 65% af lengd veggjar.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ, Norðurbraut 27b.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. nóvember 2008 breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis í Norðurbæ, Norðurbraut 27b í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður.

*Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir 10-18.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 19. nóvember 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Klukkuvellir 10-18 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitir á lóðum 10-18 eru stækkaðir og að heimilt verður að byggja einnar hæðar raðhús.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar skv. 26. gr. skipulags- og byggingar-laga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. desember 2008,*

**Málfriður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2009